

Á Akureyri

ÞÓR: Hvar er Lystigarðurinn? Hann á að vera mjög fallegur.

HARPA: Við skulum sjá. Lystigarðurinn. Hann var stofnaður árið 1912, og það er plöntusafn þar sem í má finna flestar íslenskar plöntur.

ÞÓR: Já, en hvar er hann?

HARPA: Hann er ekki langt héðan, við erum bara fimm mínútur að ganga upp Eyrarlandsveg, þar sem við vorum rétt áðan. En við skulum frekar fara að skoða Laxdalshús fyrst.

ÞÓR: Laxdalshús, hvaða hús er það?

HARPA: Elsta hús á Akureyri. Það er frá 1795 og stendur þar sem fyrsta byggðin var.

ÞÓR: Nú, en klukkan er ekki nema tíu. Er opið svona snemma?

HARPA: Já, það er nú það. Það er ekki opnað fyrr en klukkan eitt. Hvað eigum við að gera?

ÞÓR: Fáum okkur kaffi og förum svo í Lystigarðinn!

HARPA: Góð hugmynd, það eru fjögur kaffihús hérna upp frá. En bíddu. Það er líka kaffihús í Lystigarðinum. Eigum við þá ekki bara fara þangað strax?

ÞÓR: Jú, gerum það! Förum þangað!



<http://www.lystigardur.akureyri.is>





Laxdalshús

Hvenær var Lystigarðurinn stofnaður?

Hvað er í Lystigarðinum?

Hvað er Laxdalshús?

Hvað er Laxdalshús gamalt?

Klukkan hvað opnar Laxdalshús?

Hvert fara þau fyrst?

Číslovky - töluorð

11 ellefu
12 tólf
13 þrettán
14 fjórtán
15 fimmtán
16 sextán
17 sautján
18 átján
19 nítján
20 tuttugu

21 tuttugu og einn
22 tuttugu og tveir
30 þrjátíu
40 fjörutíu
50 fimmtíu
60 sextíu
70 sjötíu
80 áttatíu
90 níutíu

Číslovky - töluorð

100 (eitt) hundrað

101 hundrað og einn

121 hundrað tuttugu og einn

230 tvö hundruð og þrjátíu

1 000 (eitt) þúsund

5 121 fimm þúsund eitt hundrað tuttugu og einn

Letopočty - ártöl

1993—nítján hundruð níutíu og þrjú

2016 — tvö þúsund og sextán

874, 1000, 1402–(til) 1404, 1550, 1584,
1874, 1886, 1940, 1944, 1949, 1955, 1980, 1986, 2000

Jón Arason biskup hálshöggvinn, Ísland tekur lútherska trú
Biblían prentuð á íslensku
Ingólfur Arnarson byggir bæ sem heitir Reykjavík
Halldór Laxness fær Nóbelsverðlaun
um 2000 Íslendingar flytja til Kanada
kristnitaka á Íslandi + Leifur Eiríksson finnur Norður Ameríku
Ísland gengur í NATO
Svartidauði a Íslandi, þriðjungur Íslendinga deyr
Bretar hernema Ísland
Reagan og Gorbatsjof funda í Reykjavík
Vigdís Finnbogadóttir verður forseti Íslands
Heklugos
1000 ára byggð á Íslandi + Ísland fær stjórnarskrá
Ísland verður sjálfstætt lýðveldi

874: Ingólfur Arnarson byggir bæ sem heitir Reykjavík
1000: kristnitaka á Íslandi + Leifur Eiríksson finnur Norður Ameríku
1402–(til) 1404: Svartidauði a Íslandi, þriðjungur Íslendinga deyr
1550: Jón Arason biskup hálshöggvinn, Ísland tekur lútherska trú
1584: Biblían prentuð á íslensku
1874: 1000 ára byggð a Íslandi + Ísland fær stjórnarskrá
1886: um 2000 Íslendingar flytja til Kanada
1940: Bretar hernema Ísland
1944: Ísland verður sjálfstætt lýðveldi
1949: Ísland gengur í NATO
1955: Halldór Laxness fær Nóbelsverðlaun
1980: Vigdís Finnbogadóttir verður forseti Íslands
1986: Reagan og Gorbatsjof funda í Reykjavík
2000: Heklugos

ÞÓR: Eigum við að fara á Minjasafnið strax á eftir?

HARPA: Æ já, gerum það, þar eru sýningar og gömul kirkja sem ég ætla endilega að skoða.

ÞÓR: En það er sunnudagur í dag. Er opið sunnudaga?

HARPA: Já, fimmtudaga til sunnudaga.

ÞÓR: En sú heppni!

HARPA: Já, er það ekki! Og hvað gerum við svo?

ÞÓR: Við skoðum Listagilið! Ég er búinn að heyra mikið um Listagilið.

HARPA: Hvað er Listagilið?

ÞÓR: Þú ert leiðsögumaðurinn!

HARPA: Skulum sjá, já, hérna er Listagil: 'heil gata í miðbæ þar sem eru listasafn, gallerí, vinnustofur listamanna, veitingahús...' En gaman! Förum endilega þangað!

ÞÓR: Hvað um Leikhúsið, er ekki leikfélag hér á Akureyri? Hvernig væri að fara í leikhús í kvöld?

HARPA: Nei, það er ekki hægt, Leikhúsið er bara opið á veturna, frá september til júní, stendur hér.

ÞÓR: Nú hvað! Ekkert á sumrin?

HARPA: Nei, en hins vegar eru sumartónleikar í Akureyrarkirkju.

ÞÓR: Hvenær?

HARPA: Bíddu, já, það stendur hérna: frá júlí til ágúst, sunnudaga kl. 5.

ÞÓR: Það passar ágætlega! Jæja, þá er örugglega best að fara af stað. Bærinn bíður!